

CHRISTOPH SCHAUB

Alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir og endurvakning þeirra á áttunda áratugnum í Vestur-Þýskalandi

Vettvangsfrásagnir, gagnmenning
og þverþjóðleg verkalýðsstétt

I.

Alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir – í skilningi hreyfingar á sviði lista og stjórnmála sem vann meðvitað að ákveðnu markmiði – spruttu fram á sjónarsviðið í kjölfar októberbyltingar bolsévika.¹ Þessari nýju tegund heimsbókmennta – sem var alþjóðasinnuð, andsnúin kapítalisma og heimsvaldastefnu, leitaðist jafnan við að greina sig frá borgaralegum bókmenntum og studdi heimsbyltingu öreiganna – veitti Alþjóðasamband kommúnista víða stuðning í formi fjárframlaga og skipulagningar eftir stofnun þess 1919. Eftir því sem þessi listræna og pólitíska fylking, sem var í senn kraftmikil og ósamstæð, tók á sig mynd á þriðja og fjórða áratugnum þróaði hún sínar eigin miðstöðvar og jaðarsvæði. Í því ferli skiptu máli bæði tilskipanir og hugmyndafræði stofnana og embættismannakerfa í Moskvu og net rithöfunda og menntamanna sem voru tiltölulega óháðir Komintern og menningarstofnunum þess. Aðgerðasinnar og rithöfundar, sem áttu miðstöðvar sínar í Moskvu og fram til 1933 í Berlín, unnu á mismunandi

¹ Um þessa hreyfingu, sjá til dæmis Michael Denning, *Culture in the Age of Three Worlds*, London og New York: Verso, 2004, bls. 51–72; Rossen Djagalov, „The Red Apostles. Imagining Revolutions in the Global Proletarian Novel“, *Slavic and East European Journal* 3/2017, bls. 396–422; Christoph Schaub, *Proletarische Welten. Internationalistische Weltliteratur in der Weimarer Republik*, Boston og Berlín: De Gruyter, 2019; ritstjórar Amelia M. Glaser og Steven S. Lee, *Comintern Aesthetics*, Toronto: University of Toronto Press, 2020; Katerina Clark, *Eurasia Without Borders. The Dream of a Leftist Literary Commons, 1919–1943*, Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 2021.



svæðum innan Evrópu, á milli Atlantsála og í Evrasíu að því að byggja upp nýja bókmenntahreyfingu er starfaði á heimsvísu. Segja má að sögu þessarar hreyfingar ljúki um 1943 því það ár er Alþjóðasamband kommúnista lagt niður, en sá atburður „markar endalok þess sem mætti kalla „Komintern-tímabilið“ í sögu alþjóðahyggju í bókmenntum“.² Einhvern tímann eftir 1943 hefjast þá „framhaldslíf“ þessarar heimsbókmenntalegu hreyfingar.³

Hinar ýmsu birtingarmyndir þessa eftirlífs alþjóðasinnaðra heimsbókmennta voru margslungnar, ekki síst vegna þess að þær tengdust flækjum kalda stríðsins sem hófst stuttu eftir 1943. Til að mynda vekur Rossen Djagalov athygli okkar á ýmiss konar gagnvirkni á árunum eftir dauða Stalíns milli menningarstofnana Sovétríkjanna og fjölmargra verkefna á sviði bókmennta í Asíu og Afríku í samhengi afnýlenduvæðingar. Í þessum nýju sögulegu aðstæðum fékk alþjóðahyggja nýja merkingu: Í stað þess að tengjast stefnumálum Kominterns tók hefð alþjóðahyggjunnar nú á sig ólíkar myndir samstöðu milli þjóða annars og þriðja heimsins.⁴ Svo nefnt sé annað dæmi voru gerðar tilraunir til þess að byggja upp nýjar „þýskar þjóðarbókmenntir“ undir merkjum „Alþjóðasambands sósíalíks raunsæis“ í hinu sósíalíska Þýska alþýdulýðveldi (DDR).⁵ Hafi hin alþjóðasinnaða bókmenntahreyfing, einkum á fyrstu millistríðsárunum, haft hugmyndina um þverþjóðlegar öreigabókmenntir að leiðarljósi þá var sumum hefðum innan hennar nú að hluta til fundinn nýr tilgangur: Þeim var ætlað að þjóna á menningarsviðinu þörfum Austur-Þýskalands fyrir að byggja sig upp sem þjóð í þeirri samkeppni sem það áleit sig vera við Sambandslýðveldið Þýskaland (BRD).

Á hinn bóginn birtist framhaldslíf alþjóðasinnaðra heimsbókmennta í Sambandslýðveldinu og öðrum vestrænum kapítalískum ríkjum sjaldan í beinum alþjóðatengslum við sósíalísk ríki, samfelldum ferli einstakra höfunda, eða í því að listafólk fylgdi leiðsögn sósíalíks raunsæis. Ástæðunnar má leita í hömlunum sem fylgdu kalda stríðinu en einnig í vonbrigðum nýja vinstrisins með sósíalism-

² Katerina Clark, *Eurasia without Borders*, bls. 39. Tímabilaskipting sem þessi tekur mið af stjórn málasögu en er þó trúverðug þar eð hinar ýmsu staðbundnu, svæðisbundnu og þjóðlegu birtingarmyndir alþjóðasinnaðra heimsbókmennta sem og þverþjóðleg tengslanet þeirra voru meira eða minna háðar uppbyggingu þeirrar pólitísku stofnunar sem Komintern var.

³ Steven S. Lee, „Introduction. Comintern Aesthetics – Space, Form, History“, ritstjórar Amelia M. Glaser og Steven S. Lee, *Comintern Aesthetics*, bls. 3–28, hér bls. 20.

⁴ Sjá Rossen Djagalov, *From Internationalism to Postcolonialism. Literature and Cinema between the Second and the Third Worlds*, Montreal: McGill-Queen’s University Press, 2020.

⁵ Monika Schmitz-Emans og Peter Goßens, „Weltliteratur in der DDR – zur Einführung“, *Weltliteratur in der DDR. Debatten, Rezeption, Kulturpolitik*, ritstjórar Peter Goßens og Monika Schmitz-Emans, Barleben: Ch. A. Bachmann Verlag, 2015, bls. 7–13, hér bls. 9.

ann í sinni raungerðu mynd.⁶ Í Vestur-Þýskalandi kom sú staðreynd að þjóðernissósíalistar höfðu gert út af við gagnmenningarvettvang kommúnistahreyfingarinnar í veg fyrir hvers kyns samfellu alþjóðasinnaðra heimsbókmennta. Ýmsum kommúnískum, sósíalískum og öðrum vinstrisinnuðum aðgerðasinnnum eða rithöfundum tókst að flýja nasismann en ákváðu síðan að setjast að í Alþýðulýðveldinu að stríði loknu. Því tel ég að í Vestur-Þýskalandi hafi efirlíf þeirra heimsbókmennta sem þróuðust í samhengi Komintern verið dulið og að mestu neðanjarðar. Til að byrja með birtist það í enduruppögötvun á textum og nýju hlutverki bókmenntalegrar fagurfræði og umfjöllunarefna sem höfðu tekið á sig mynd innan hefðar kommúnískra heimsbókmennta. Helsta umfjöllunarefnið og fagurfræðilega áherslan var þá endurvakinn áhugi á verkalýðsstéttinni (sem var stundum sýnd sem þverþjóðleg) og á fagurfræði móðernískra heimildaverka. Sú síðarnefnda hafði verið sterkur straumur innan alþjóðasinnaðra heimsbókmennta á millistríðsárunum en einnig hafði til að mynda Georg Lukács gagnrýnt hana harkalega á lokaárum Weimar-lýðveldisins, í svonefndri expressjónismadeilu í hópi and-fasískra útlaga og í formalismadeilunni á sjötta áratugnum í Alþýðulýðveldinu.⁷ Upp að vissu marki má skýra þá staðreynd að fagurfræði heimildaverka hafi – fremur en sósíalískt raunsæi – gegnt lykilhlutverki í efirlífi alþjóðasinnaðra heimsbókmennta í Vestur-Þýskalandi með því að þeir sem enduruppögötvuðu þessa hefð frá millistríðsárunum vildu aðgreina eigin viðfangsefni frá ráðandi bókmenntastefnu í Austur-Þýskalandi. Í Vestur-Þýskalandi tilheyrðu þeir sem leituðust við að enduruppögöta þennan arf og gefa honum nýjan tilgang stúdentahreyfingunni, þá var að finna í röðum rithöfunda og skipuleggjenda nýrra verkalýðsbókmennta með pólitískan boðskap, en einnig í ýmsum vinstrisinnuðum og marxískum frjóöngum þýskrar bókmenntafræði. Á sjöunda áratugnum tók að myndast pólitískur og bókmenntalegur gagnvettvangur á vinstri vængnum og innan hans jókst áhuginn á alþjóðasinnuðum heimsbókmenntum frá millistríðsárunum.

Í þessari grein er ætlun mín að huga að ýmiss konar samfellu og sögulegum rofum sem greina má frá tímabili millistríðsáranna, þegar alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir komu fram á sjónarsviðið, til áttunda áratugarins, en þá byggðu rithöfundar í Vestur-Þýskalandi á þessari hefð. Þetta vil ég gera með því að bera saman verk Egons Erwins Kisch (1885–1948) og Marianne Herzog

⁶ Sjá Katerina Clark, *Eurasia Without Borders*, bls. 359–361.

⁷ Sjá Georg Lukács, „Reportage oder Gestaltung? Kritische Bemerkungen anlässlich eines Romans von Ottwalt“, *Marxismus und Literatur. Eine Dokumentation in drei Bänden*, 2. bindi, ritstjóri Fritz J. Raddatz, Reinbek bei Hamburg: Rowohlt, 1969, bls. 150–158; Robert Cohen, „Expressionismus-Debatte“, *Historisch-kritisches Wörterbuch des Marxismus*, 3. bindi, ritstjóri Wolfgang Fritz Haug, Hamburg: Argument Verlag, 1997, bls. 1167–1183.

(f. 1939). Verk hennar eru að mestu gleymd nú á dögum en hún fékkst bæði við skrif og var virk í pólitískum aðgerðum. Ég mun hefja umfjöllun mína á Kisch, enda er lítið á hann sem einn merkasta fulltrúa bókmenntalegra vettvangsfrásagna og hann var áhrifamikill innan alþjóðasinnaðrar bókmenntahefðar kommúnista. Ákveðið var að skoða verk Herzog með hliðsjón af skrifum hans vegna þess að hún setur skrif sín í samhengi við hefð vettvangsfrásagna frá þriðja og fjórða áratugnum. Með því að skoða þessa tvo höfundu í sameiningu vil ég færa rök fyrir eftirtöldu: Í fyrsta lagi getum við skoðað (ó)samfellur milli alþjóðasinnaðra heimsbókmennta Komintern-tímabilsins og eftirlífs þeirra á áttunda áratugnum í Vestur-Þýskalandi með því að líta á: (i) (bókmenntalegan) gagnvettvang sem rými textaframléiðslu og -dreifingar um leið og hann er viðfangsefni í bókmenntatextum, (ii) vettvangsfrásögnina og (iii) hina þverþjóðlegu verkalýðsstétt. Ég sýni fram á vægi þessara þriggja þátta með því að ræða fyrst í hvaða samhengi Kisch skrifar og hvað einkenni verk hans, með sama hætti og ég gerði í bók minni *Proletarische Welten* (Öreigaheimar).⁸ Í framhaldinu vek ég athygli á því hvernig þessir þrjú þættir koma aftur upp á yfirborðið í breyttri mynd í vettvangsfrásögn Herzog *Von der Hand in den Mund* (Úr höndinni í munninn, 1976) og í því samhengi sem hún er rituð. Í öðru lagi hefur ímynd öreigans innan verkalýðshreyfingar kommúnista, sem byltingarsinnaðs hluta verkalýðsins, æ ofan í æ verið gagnrýnd fyrir að vera byggð á einsleitri forskrift um hvað felist í því að vera byltingarsinnaður. Þótt sú gagnrýni eigi oft rétt á sér eru verk Kisch, sem var kommúnisti, og Herzog, sem er sósíalískur femínisti, dæmi um forskriftarlausu bókmenntahefð á vinstri vængnum sem sýna verkalýðinn án þess að vera boðandi, en það gera þau með mismunandi hætti og af ólíkum ástæðum. Loks tel ég að með því að bera Herzog saman við Kisch megi líta á hana sem dæmi um eftirlíf alþjóðasinnaðra heimsbókmennta. Með því getum við einnig staðsett vettvangsfrásögn hennar sem viðleitni til að forðast mistök „Komintern-tímabilsins“ í bókmenntasögu alþjóðasinna.⁹ Þótt það gildi augljóslega ekki um alla texta á vegum hreyfingarinnar dró fjöldi kommúnískra texta á millistríðsár-unum „dám af normatífum karlmennskuímyndum þegar leitast var við að skýra hvað fælist í því að vera verkamaður og byltingarsinni“.¹⁰ Með því að einblína á verkakonu, bæði í verksmiðjum og á heimilinu, greina frá áhyggjum þeirra, samstöðunni milli þeirra og getu til mótspyrnu bjóða vettvangsfrásagnir Herzog upp á aðra og femíníska sýn á verkalýðsstéttina í sögu og samtíð.

⁸ Sjá Christoph Schaub, *Proletarische Welten*, bls. 177–233 (4. kafli).

⁹ Katerina Clark, *Eurasia Without Borders*, bls. 39.

¹⁰ Sabine Hake, *The Proletarian Dream. Socialism, Culture, and Emotion in Germany, 1863–1933*, Berlín og Boston: De Gruyter, 1997, bls. 179.

II.

Hafi Herzog staðið á jaðri bókmenntasenuinnar á sínum tíma og sé nú að mestu gleymd verður að líta á Kisch sem viðurkenndan höfund innan þýskra bókmennta, þótt nafn hans sé ekki stórt. Oft er vísað til hans í fræðilegri umfjöllun um vettvangsfrásagnir og meðan hann var uppi taldist hann til helstu höfunda innan bókmennta alþjóðasinna. Á fimmtugsafmæli hans helgaði þýsk útgáfa *Internationale Literatur*, tímarits Alþjóðasambands byltingarsinnaðra rithöfunda sem kom út á alls sex tungumálum á tímabilinu frá 1933 til 1943, honum þrjátíu síðna umfjöllun. Frá miðjum þriðja áratugnum var hann dyggur málsvari kommúnisma og samdi mörg söfn vettvangsfrásagna sem spönnuðu allt svæðið frá Evrópu, um Sovétríkin, Mið- og Austur-Asíu til Bandaríkjanna og Ástralíu. Í þessu tölublaði lýstu bæði höfundar á borð við Henri Barbusse, Önnu Seghers, Michael Gold og Sergej Tretjakov en einnig bókmenntasamtök verkamanna í Georgíu og Tadsíkistan honum sem fyrirmyndarhöfundi alþjóðasinnaðra heimsbókmennta.¹¹ Þau sögðu líf hans samþætt byltingunni; hann gagnrýndi heimskapítalismann og fylgdist í senn með sósíalískum ríkjum og öreigastéttinni og berðist fyrir þau; enn fremur kváðu þau skrif hans nátengd smekki lesendahópa öreiga um heim allan. Þessi lofgjörð var í samræmi við svipaðar lýsingar sem höfðu birst í auglýsingum frá bókaklúbbi þýskra kommúnista, Universum-Bücherei für alle (Universum-bókasafn handa öllum), en hann var stofnaður 1926 og gaf út nokkrar bækur Kisch í þeim tilgangi að útvega lesendum í þýskumælandi löndum alþjóðasinnaða bókmenntatexta.¹² Þannig var Kisch ítrekað kynntur sem miðdepill þess gagnvettvangs þar sem rit hans voru í dreifingu – en árið 1933 höfðu þau þegar verið þýdd á tólf tungumál.¹³

Að sama skapi skrásetur Kisch í vettvangsfrásögnum sínum þessar þverþjóðlegu tengingar innan gagnmenningarvettvangs bókmenntanna.¹⁴ Hann gerir það til að mynda með því að lýsa sjálfum sér sem eftirsóttum ræðumanni þegar hann fjallar um upplestra sína í Bandaríkjunum.¹⁵ Enn fremur lýsir hann þessum

¹¹ Sjá: [Höfundar ekki getið], „Für Egon Erwin Kisch zum 50. Geburtstag“, *Internationale Literatur* 4/1935, bls. 3–30.

¹² Sjá til að mynda: [Höfundar ekki getið], [án titils], *Blätter für alle* 2/1927, aftanverð kápa.

¹³ Lista yfir þessar þýðingar má finna hjá Marcus G. Patka, *Egon Erwin Kisch. Stationen im Leben eines streitbaren Autors*, Vín: Böhlau Verlag, 1997, bls. 410–419.

¹⁴ Um þann skilning sem ég legg í þverþjóðlega gagnmenningu í bókmenntum, sjá Christoph Schaub, „World Literature and Socialist Internationalism in the Weimar Republic. Five Theses“, *New German Critique* 1/2021, bls. 153–180, hér bls. 158.

¹⁵ Sjá Egon Erwin Kisch, *Gesammelte Werke in Einzelausgaben*, 4. bindi: *Paradies Amerika / Landung in Australien*, ritstjórar Bodo Uhse og Gisela Kisch, Berlín og Weimar: Aufbau-Verlag, 1973 (2. útgáfa), bls. 71.

hópum sem einu skilyrði bókmenntaútgáfu, þegar hann greinir frá því hvernig tengslanet hans gerir honum kleift að heimsækja ólöglega bókabúð í Sjanghaí þar sem skipst er á bókmenntum eftir byltingarsinna og þær lesnar á ólíkum tungumálum.¹⁶ Þetta þverþjóðlega tengslanet innan hinnar bókmenntatengdu gagnmenningar myndaði ekki aðeins vettvanginn þar sem skrif hans voru í umferð, heldur var það einnig eitt skilyrða bókmenntaframleiðslu vegna þess að það veitti Kisch aðgang að rýmum sem væru honum ellegar lokuð. Með vettvangsfrásögnum sínum lagði hann einnig sitt af mörkum til þróunar annars konar heimsbókmennta þar sem þær taka saman dæmi um bókmenntalega tjáningu öreiga í þýskri þýðingu, ýmist í formi útdráttar eða tilvísana. Með vettvangsfrásögnum sínum skrasetur Kisch bréf og bréfaskipti verkamanna, söngva þeirra, plaköt og sjáfsævisögulegar frásagnir í bland við vísanir í skáldsögur og ljóð. Með þessum hætti stígur hann út fyrir þrengri skilgreiningar nútímans á því hvað teljist til bókmennta og eykur dreifingu þessara texta innan gagnvettvangs alþjóðasinnaðra heimsbókmennta. Um leið mætti líta svo á að vettvangsfrásagnir hans vísi veginn til heimildaskrifa sem fjölradda bókmenntaforms, þar sem jafnvel margir leggja hönd á plóg.

Bókmenntalegar vettvangsfrásagnir Kisch eru kvísl af stærri straumi fagurfræði heimildarita sem þróaðist í menningarstarfi vinstrimanna á millistríðsár-unum. Þar á meðal eru bókmenntagreinar og -hreyfingar á borð við bréfaskipti verkamanna, staðreyndafræðsla um Sovétríkin, heimildaleikhús (til að mynda hjá Erwin Piscator), og *Living Newspaper*-leikhúshelðin í Bandaríkjunum.¹⁷ Á sínum tíma og síðar meir litu aðrir rithöfundar, aðgerðasinnar og fræðafolk einkum á Kisch sem einn helsta forkólf vettvangsfrásagnarinnar. Hann hafi átt þátt í að gera hana að ákveðinni tegund skrifa innan alþjóðahreyfingar verkalýðsins og það á eins fjarlægum stöðum og Kína og Bandaríkjunum.¹⁸ Í ýmsum ritgerðum pró-

¹⁶ Sjá Egon Erwin Kisch, *Gesammelte Werke in Einzelausgaben*, 3. bindi: *Zaren, Popen, Bolschewiken / Asien gründlich verändert / China geheim*, ritstjórar Bodo Uhse og Gisela Kisch, Berlín og Weimar: Aufbau-Verlag, 1989 [4. útgáfa], bls. 71.

¹⁷ Sjá Klaus Leo Berghahn, „Dokumentarische Literatur“, *Literatur nach 1945*, 2. bindi: *Themen und Genres*, ritstjóri Jost Hermand, Wiesbaden: Akademische Verlagsgesellschaft Athenaion, 1979, bls. 195–245, hér bls. 197–205.

¹⁸ Sjá Joseph North, „Reportage“, *American Writers' Congress*, ritstjóri Henry Hart, New York: International Publishers, 1935, bls. 120–123; Rudolf G. Wagner, *Inside a Service Trade. Studies in Contemporary Chinese Prose*, Cambridge og London: Harvard University Press, 1992, bls. 325–357; John C. Hartsock, „Literary Reportage. The ‘Other’ Literary Journalism“, *Literary Journalism across the Globe. Journalistic Traditions and Transnational Influences*, ritstjórar John S. Bak og Bill Reynolds, Amherst og Boston: University of Massachusetts Press, 2011, bls. 23–46.

aði Kisch brotakennda kenningu um bókmenntalegar vettvangsfrásagnir.¹⁹ Bókmenntagreinin ætti að halda sig við staðreyndir og rannsókn á veruleikanum utan textans. Þó var kenningin einnig í ætt við konstrúktífisma vegna þess að samkvæmt henni átti að raða saman staðreyndum á grunni víðtækari félagslegs sannleika með pólitísk og menningarleg inngríp að leiðarljósi. Um miðjan þriðja áratuginn, þegar Kisch gerðist kommúnisti, hóf hann að líta á vettvangsfrásögnina sem tegund skrifa er fylgdi ákveðinni pólitískri afstöðu: Til dæmis var frásögnum hans frá Sovétríkjunum ætlað að hampa hinu sósíalíska ríki en þær sem fjölluðu um Bandaríkin einkenndust af gagnrýni á kapítalisma og höfðu að geyma frásagnir af mótspyrnu gegn honum. Að álitum Kisch, eins og hann kynnir það í ritgerðum sínum, hafði saga þessarar bókmenntategundar ávallt verið alþjóðleg, byltingarsinnuð og náð hápunkti sínum í samtímabókmenntum verkalýðshreyfingarinnar.

Í þeirri sífjafraði vettvangsfrásagna sem Kisch setti fram var þó ekki minnst á annan uppruna hennar, það er á tengsl hennar við stétt þeirra sem sinna hrakstörfum í borgum og við sjálfa verkalýðsstéttina. Frá miðri nítjándu öld höfðu ýmiss konar vettvangsfrásagnir þróast í tengslum við könnun borgarastéttarinnar á heimsborgum nútímans og fátækum íbúum þeirra. Í slíkum pistlum voru borgarkönnuðir kynntir til leiks, fátækir borgarbúar voru gerðir framandi og urðu viðfang félagslegrar og menningarlegrar stýringar í krafti ráðandi þekkingar, sem og viðfang svonefndrar siðbetrunar. Stéttahyggja af þeim toga skaraðist gjarnan við ímyndir Evrópumanna af Afríku og öðrum svæðum hins hnattræna Suðurs, sem voru markaðar bæði af kynþáttahyggju og nýlendustefnu, enda voru svipaðar myndlíkingar notaðar til þess að lýsa þessum svæðum og íbúum þeirra.²⁰ Vettvangsfrásagnir Kisch grófu undan þessari hefð með því að bregða upp myndum af verkafólki og fátæklingum sem sérstökum handhöfum þekkingar er stæðu jafnfætis fréttamanninum; hvor aðilinn myndi til samstöðu með hinum og þeir sköpuðu í sameiningu nýja þekkingu. Pistlahöfundurinn lýsir til að mynda sjómönnum sem ræða við hann um Jack London og hvernig virkur meðlimur í verkalýðsfélagi í Úsbekistan rengir fyrirfram mótaðar skoðanir Evrópubúa um

¹⁹ Um þessar frásagnir, sjá Egon Erwin Kisch, *Gesammelte Werke in Einzelausgaben*, 9. bindi: *Mein Leben für die Zeitung, 1926–1947: Journalistische Texte 2*, ritstjórar Bodo Uhse og Gisela Kisch, Berlín og Weimar: Aufbau-Verlag, 1983, bls. 9–12, 91–104, 210–216, 396–397.

²⁰ Um það samhengi sem lýst er hér, sjá nánar Rolf Lindner, *Walks on the Wild Side. Eine Geschichte der Stadtforschung*, Frankfurt am Main og New York: Campus Verlag, 2004, bls. 10–95; Bernhard Kleeberg, „Reisen in den Kontinent der Armut. Ethnographie des Sozialen im 19. Jahrhundert“, *Magie der Geschichten. Weltverkehr, Literatur und Anthropologie in der zweiten Hälfte des 19. Jahrhunderts*, ritstjórar Michael Neumann og Kerstin Stüssel, Konstanz: Konstanz University Press, 2011, bls. 29–52.

framkvæmd sósíalísmans í Mið-Asíu í samtali við Kisch.²¹ Í þessum vettvangsfrásögnum birtist verkalýðsstéttin því annars vegar sem samfélagshópur og lífskilyrði hans, skoðanir og óskir eru skrásettar, hins vegar leggur þessi hópur sitt af mörkum til þess að móta þekkingu um sjálfan sig og heiminn. Sem bókmenntategund tengir vettvangsfrásögnin heimshornaflakkarann og fréttaritarann Kisch við öreigana með samtali sem einkennist af samstöðu. Þannig felur formið í sér möguleika á að verða listræn tjáning sem einkennist af vissum samtakamætti og jöfnuði. Hlutdrægnin í vettvangsfrásögnum Kisch tengist ekki aðeins hreyfingu kommúnismans, virkum félögum hennar, flokkum, menningarstofnunum eða ríkjum – heldur snýst hún í grundvallaratriðum um að sýna öllum verkamönnum og hvers kyns fátæklingum sem Kisch mætir á ferðum sínum samstöðu.

Í bókum hans, sem draga upp hnattræna landfræði verkalýðsins, vinnufólks í hrakstörfum og fátæklinga, verður vettvangsfrásögnin að bókmenntaaðferð til að gera sýnilegan fjölbreyttan verkalýð sem einskorðast ekki við iðnverkamenn. Af þeim sökum grafa þessir textar að vissu leyti undan þeirri forskrift sem fylgin er í hinum marxíska greinarmun á byltingarsinnuðum öreigum og gagnbyltingarsinnuðum töttralyð.²² Í þessari hnattrænu landfræði eru borgir á borð við London, New York og Sjanghaí áberandi, enda eru þær, sem hafnarborgir, skurðpunktir ferðalaga, vinnutengdra fólksflutninga og vörudreifingar. Eftirfarandi tilvitnun birtist í vettvangsfrásögninni „Gässchen der Unterröcke“ („Undirkjólásund“, 1926) og dregur upp mót öreigalyðs sem sinnir fjölbreyttum störfum, af margvíslegum uppruna og menningu á markaðinum við Petticoatstíg í Whitechapel-hverfi Lundúna:

Þeir sem hafa raunverulegan áhuga á að kaupa eitthvað koma fótgangandi úr verkamannabústöðunum í Shadwell, frá skipakvíunum við Bromley, úr sjómannaheimilunum í Blackwall, úr kínversku kyndarahverfunum í Limehouse, úr slepjulegum sígaunahellum í Millwall, úr verkstæðum „sweated work“ = skraddara í Minories-götu, úr kjallaraholum sótaranna í Shoreditch, frá hafnarbökkum við Poplar, Írar úr afluktri þyrpingu sinni í Riche-götu, pökkunarmenn, uppskipunarmenn og daglaunamenn. Og vesælir flækningar og enn vesælli hórur.²³

²¹ Sjá Egon Erwin Kisch, *Paradies Amerika / Landung in Australien*, bls. 84–85; Egon Erwin Kisch, *Zaren, Popen, Bolschewiken / Asien gründlich verändert / China geheim*, bls. 238–245.

²² Um sögu töttralyðshugtaksins (þ. *Lumpenproletariat*), sjá Robert L. Bussard, „The „Dangerous Class“ of Marx and Engels. The Rise of the Idea of the *Lumpenproletariat*“, *History of European Ideas* 6/1987, bls. 675–692.

²³ Egon Erwin Kisch, *Gesammelte Werke in Einzelausgaben*, 5. bindi, *Der rasende Reporter / Hetz-*

Með því að telja upp þessa íbúahópa eru þeir hér kynntir til sögunnar án þess að þeim sé raðað í stigveldi. Enn fremur er mergðinni lýst sem misleitri og því ekki sem einsleitum fjölda, líkt og tilfellið væri í framsetningu þar sem slíkir hópar væru jaðarsettir. Einnig veigrar sögumaður sér við að veita þessum ólíku öreigahópum mismikið pólitískt eða siðferðilegt vægi; á þessum stað í textanum er bæði að finna hópa sem litið er á sem launafólk innan marxisma og verkalýðs-hreyfingarinnar sem og hópa sem eru frekar tengdir við töttrálýðinn. Sú mynd sem Kisch dregur upp af þverþjóðlegri verkalýðsstétt hvílir á nokkuð opinni og inngildandi hugmynd um lífsskilyrði öreiga. Fólki sem fellur ekki að viðtekinni skilgreiningu verkamannsins (karlkyns iðnverkamanns í þéttbýli) sem kyndilbera byltingarinnar veitir hann athygli og sýnir því stuðning. Þessa hugmynd má rekja aftur til bókmennta *Vormärz*-tímabilsins, eða tímabilsins frá því um 1830 til 1848–1849 í sögu Þýskalands,²⁴ en einnig til skrifa níttjándu aldar höfunda á borð við Jack London, sem áður var minnst á og hafði mikil áhrif á Kisch.

Í öðrum textum er að finna skýrari dæmi um stjórnmalalega framsetningu á hinni þverþjóðlegu verkalýðsstétt. Þannig veitir „Tagebuch vom New Yorker Hafen“ („Dagbók frá höfninni í New York“, 1930) greinargott yfirlit um vinnuskilyrði og menningarstarfsemi íbúa af öreigastétt í hafnarhverfum New York. Í vettvangsfrásögninni er sveigt frá hefðbundnum lýsingum á stéttaskiptingunni milli ríkra og fátækra í borginni. Sögumaður vekur sérstaka athygli á því að það séu ekki aðeins þeir sem hann nefnir „töttrálýð hafsins“ sem búi við ótryggar aðstæður, heldur einnig hafnarverkamenn sem starfi innan stéttarfélaga.²⁵ „Í austurhverfum New York, þar sem hungrið og skíturinn hafa gert sig heimakomin, þar sem hinum vonsviknu hefur skolað á land úr öllum heimshornum“, býr „töttrálýður hafsins“ í næsta nágrenni við innviði sem tengjast verkalýðshreyfingunni „án þess að hann viti af því“.²⁶ Hér skiptir miklu að Kisch beinir athyglinni bæði að stjórnmalavirkni og menningarframleiðslu:

Á Coentis Slip rekur Heimshreyfing iðnverkamanna (I.W.W.) hverfiskrá sína, sem er ílangt herbergi með bókum, plakötum og áróðursritum, aðallega á ensku og esperanto. Meiri heimsborgarabrag og líflegri stemningu má finna á South Street 26, í Alþjóðaklúbbsi sjómanna;

jagd durch die Zeit / Wagnisse in aller Welt / Kriminalistisches Reisebuch, ritstjórar Bodo Uhse og Gisela Kisch, Berlín og Weimar: Aufbau, 1978 (3. útgáfa), bls. 361.

²⁴ Sjá Patrick Eiden-Offe, *Die Poesie der Klasse. Romantischer Antikapitalismus und die Erfindung des Proletariats*, Berlín: Matthes & Seitz, 2017.

²⁵ Egon Erwin Kisch, *Paradies Amerika / Landung in Australien*, bls. 46.

²⁶ Egon Erwin Kisch, *Paradies Amerika / Landung in Australien*, bls. 49, 46.

hér eru einnig svertingjar að lesa byltingarblað sitt *Negro Champion*, hér eru einnig uppskipunarmenn og aðrir hafnarverkamenn, Kínverjar og Evrópubúar, hér er æskan fjölmennari en í samkomuhúsum kirkju-deilda og þjóðarbrotu, og svo er að sjá sem stjórnmal dragi fleiri að en dýr stigahandrið með nöfnum þeirra sem kostuðu þau.²⁷

Í fátækari hverfum New York-borgar kemst sögumaður í tæri við þróttmikið, inngildandi og fjölbreytt umhverfi þar sem framsæknar, jafnvel byltingarkenndar, stjórnmalaskoðanir eru útbreiddar. Í þessu textabroti er sú tegund misleitni sem einkennir fjölyngda og fjölpjóðlega verkalýðsstétt, og hafði þegar mætt pistlahöfundinum á markaðinum við Petticoat-stíg, sett í samhengi við alþjóðahyggu. Í stað vörudreifingarinnar sem er lýst í vettvangsfrásögninni um „Petticoat-stíg“ gefur sögumaður nú til kynna að það sé sjálf verkalýðshreyfingin sem laði að sér svo fjölbreyttar þjóðir.

Í vettvangsfrásögninni „Tagebuch vom New Yorker Hafen“ er því lýst að svo fjölbreyttur verkalýður safnist saman þar sem til staðar er gagnvettvangur verkalýðshreyfingarinnar með sínum stöðum og miðlum. Það gagnmenningar-rými sem lýst var hér að framan er þó karllægt, og skýrist það af því að verið er að fjalla um starfsgrein sjómanna. Konum af verkalýðsstétt bregður vissulega fyrir í vettvangsfrásögnum Kisch. Ber þar einkum að nefna umfjöllun hans um konur og stúlkur sem vinna við textíldnað í Kína, þar sem athyglinni er beint að kynjaðri verkaskiptingu í slíkum verksmiðjum.²⁸ Eigi síður ber lítið, ef nokkuð, á því að Kisch takist í vettvangsfrásögnum sínum á við kynjamisrétti á vinnustað, heimili eða innan verkalýðshreyfingarinnar. Á hinn bóginn eru slíkir þættir komnir í forgunn þegar við beinum sjónum að *Von der Hand in den Mund* eftir Herzog. Þar beitir höfundur vettvangsfrásögninni til þess að draga fram ákveðna hlið á þeim veruleika sem verkalýðurinn bjó við og hafði almennt verið lítið gert úr, nánar tiltekið með því að beina sjónum að ófaglærðum verkakönum í Vestur-Þýskalandi á áttunda áratugnum. Á þann hátt setur hún spurningarmerki við hina pólitísku markalínu á milli almannavettvangs og einkalífs. Líkt og í vettvangsfrásögnum Kisch var fyrst hægt að framleiða og dreifa svo óvenju-legri mynd af verkalýðsstéttinni þegar nýr bókmenntalegur gagnvettvangur var kominn fram á sjónarsviðið.

²⁷ Egon Erwin Kisch, *Paradies Amerika / Landung in Australien*, bls. 46.

²⁸ Sjá Egon Erwin Kisch, „Kinder als Textilarbeiter“, *Žaren, Popen, Bolschewiken / Asien gründlich verändert / China geheim*, bls. 463–471.

III.

Hafi gullöld heimildaskrifa verið á millistríðsárunum, þá hófst nýtt blómaskeið þeirra upp úr miðjum sjöunda áratugnum og náði fram á þann áttunda. Á þeim tíma reis fagurfræði heimildarita sem baráttutæki til þess að takast með gagnrýnum hætti – það er að segja frá vinstrisinnuðum eða frjálslýndum vinstri sjónarhóli – á við sögu Þýskalands og samtíð.²⁹ Heimildabókmenntir voru oft notaðar sem bókmenntaaðferð til þess að greina og gagnrýna nasismann og leifar hans (til dæmis í *Die Ermittlung* (Rannsóknin, 1965) eftir Peter Weiss). Þær voru einkum ritaðar í mismunandi prósaformi eða fyrir leikhús og þjónuðu yfirleitt sem innlegg í samtímadeilur í stjórn málum. Einnig voru þær notaðar til þess að gera sýnilegri þjóðfélagsþópa sem lítið hafði sést eða heyrst til í almanna-rýminu, einkum til að mynda konur og verkamenn, og til að rannsaka kerfislæga stétt- og kynjaskiptingu í þýsku þjóðfélagi. Tvö dæmi um þessa tilhneigingu eru verk Eriku Runge, hin frægu *Bottroper Protokolle* (Gerðarbækur frá Brottrop, 1968) og *Frauen. Versuche zur Emanzipation* (Konur: Frelsunartilraunir, 1970). Heimildaverk voru einnig ráðandi í útgáfu Werkkreis Literatur der Arbeitswelt (Vinnuhópur um bókmenntir hinna vinnandi stétta) á fyrstu árum síns stutta skeiðs. Vinnuhópurinn var stofnaður 1970 og gegndi mikilvægu hlutverki við að styðja við rithöfunda úr verkalýðsstétt. Samtökin litu á sig sem nokkurs konar arftaka byltingarsinnaðra öreigabókmennta Weimar-lýðveldisins við breytt félags- og menningarleg skilyrði. Þau leituðust við að koma gagnmenningarlegri sköpun og dreifingu bókmenntatexta í fastar skorður – til að mynda með því að efna til verðlaunakeppni meðal verkamanna í ritun vettvangsfrásagna og skipuleggja ritsmiðjur og hverfissellur.³⁰ Sjálfskilningur Werkkreis Literatur der Arbeitswelt, skipulagning hans og fagurfræði renna stöðum undir þá tilgátu mína að sjá megi fyrir sér samfellur og rof á milli alþjóðasinnaðra heimsbókmennta millistríðsáranna og eftirlífs þeirra í Vestur-Þýskalandi með því að beina sjónum að gagnvettvangi bókmenntanna, vettvangsfrásögnum og birtingarmyndum verkalýðsins, eins og ég hyggst sýna fram á með hliðsjón af höfundarverki Marianne Herzog.

Um svipað leyti og fagurfræði heimildarita tók að gegna mikilvægu hlutverki í Vestur-Þýskalandi spruttu skipulögð bókaforlög upp í tengslum við stúdenta-

²⁹ Yfirlit um það má finna hjá Klaus Leo Berghahn, „Dokumentarische Literatur“, bls. 205–239.

³⁰ Sjá til að mynda Horst Hensel, „Das Programm des Werkkreises“, *Literatur in Westfalen. Beiträge zur Forschung* 17/2020, bls. 257–260; Werner Jung, „Literatur von unten. Der Werkkreis Literatur der Arbeitswelt“, *Literatur in Westfalen. Beiträge zur Forschung* 17/2020, bls. 157–193.

hreyfinguna og nýja vinstrið.³¹ Þau voru hluti af umfangsmeiri innviðum sem náðu til sjálfstæðra bókabúða og jafnvel samtaka bókaverslunar vinstrimanna. Í sameiningu gegndu slík samtök mikilvægu hlutverki með því að enduruppgötva og endurprenta gleymda texta, og leggja enn fremur grunninn að nýjum skrifum þýskra vinstrimanna sem og þýðingum á erlendum textum. Þau opnuðu vettvang gagnmenningar þar sem fólk gat gert tilraunir með að framleiða og dreifa bókmenntum eftir öðrum leiðum en með hefðbundnum stofnunum hins kapítalíska bókamarkaðar, einkum með „beinni þátttöku“.³² Í Vestur-Þýskalandi á sjöunda og áttunda áratugnum fór því fram enduruppgötvun á alþjóðasinnuðum heimsbókmenntum – á stjórnmálaviðhorfum innan þeirra, viðfangsefnum, fagurfræði og í vissum mæli skipulagningaradferðum þeirra – enda þótt þetta gerðist núna (ólíkt Weimar-tímabilinu) að miklu leyti án hugmyndafræðilegra áhrifa og fjárstuðnings stjórnmálaflokka sem tengdust verkalýðshreyfingunni. Bækur Herzog voru gefnar út á þessum bókmenntalega gagnvettvangi.

Marianne Herzog fæddist í Wrocław árið 1939 en ólst upp í Þýska alþýðulýðveldinu þar sem hún fékk starfsþjálfun sem bóksali.³³ Hún hóf háskólanám eftir að hún fluttist til Vestur-Þýskalands árið 1961 en var einnig starfsnemi í gistiskýli fyrir stúlkur; seint á sjöunda áratugnum flutti hún útvarpserindi með vettvangsfrásögnum. Það er á þeim tíma og á áttunda áratugnum sem hún tengist hreyfingum femínista og vinstrimanna. Árið 1968 var Herzog ein þeirra kvenna sem stofnuðu Aktionsrat zur Befreiung der Frauen (Aðgerðahóp til frelsunar kvenna) en hann bauð feðraveldinu, sem var djúprætt í stúdentahreyfingunni, byrginn og átti stóran þátt í að hrinda af stað annarri bylgju femínisma í Vestur-Þýskalandi. Síðla árs 1971 var hún svo handtekin, gefið að sök að vera meðlimur vinstrisinnuðu hryðjuverkasamtakanna Rote Armee Fraktion (Rauðu herdeildarinnar), og afplánaði tveggja ára fangelsisdóm, þar af fimmtán mánuði í einangrunarvist.

Að fangelsisvistinni lokinni hóf hún störf í málmíðnaðarverksmiðju til að hafa í sig og á. Áður hafði hún þó unnið ákvæðisvinnu í slagtogi með marxískum stúdentum og aðgerðasinnnum sem sóttu í verksmiðjustörf til þess að reka þar áróður. Þessari viðleitni er einnig lýst í þýskum bókmenntatextum sem fjalla

³¹ Um þessa sögu sjá Uwe Sonnenberg, *Von Marx zum Maulwurf. Linker Buchhandel in Westdeutschland in den 1970er Jahren*, Göttingen: Wallstein, 2016.

³² Carolin Amlinger, *Schreiben. Eine Soziologie literarischer Arbeit*, Frankfurt am Main: Suhrkamp, 2021, bls. 213.

³³ Um æviferil Herzog, sem má vinna upp úr sjálfsævisögulegum skrifum hennar, sjá Helga Kraft, „De/Kolonisierung des Subjektes. Der Identitätskampf einer Frau aus dem Umkreis der RAF“, *Das erdichtete Ich – eine echte Erfindung. Studien zu autobiographischer Literatur von Schriftstellerinnen*, ritstjóri Heidy Margit Müller, Aarau: Verlag Sauerländer, 1998, bls. 149–169.

um stúdentahreyfinguna, þar á meðal í verki Uwes Timm, *Heißer Sommer* (Heitt sumar, 1974). Herzog skrifar:

[Árið 1969] gekk ég til liðs við hóp marx-lenínista í Öreigakvennamiðstöðinni [í Vestur-Berlín] og hóf störf í verksmiðju ásamt átta öðrum konum. Við höfðum settið saman í námskeiði og lesið *Laun, verð og gróða* eftir Marx, en í hvert sinn sem við spurðum fyrirlesarana um vinnuaðstæður í samtímanum gátu þeir engu svarað. Við vildum komast að því hver vinnuskilyrði kvenna væru í verksmiðjum og hvernig væri yfirhöfuð að vinna þar. Í samtökum okkar þótti það ódagot að fara að vinna í verksmiðju einungis fjórum vikum eftir að hafa gengið í þau og voru okkur settir þeir afarkostir að velja milli þeirra og verksmiðjunnar. Ég sat við minn keip og var því rekin úr samtökunum, hinar hættu allar að vinna í verksmiðjunni. Reynsla mín af þessum samtökum, með skiptingu þeirra á „aðgerðasinum“ og „undirsátum“, var hræðileg. [...] Ég var því fegin þegar þær voru allar farnar og ég gat farið að tala í ró og næði við konurnar við hliðina á mér.³⁴

Hér tókum við annars vegar eftir þörfinni fyrir samræðu, þar sem greina má enduróm af vettvangsfrásögnum Kisch, hins vegar óánægjunni með þá kreddukenndu og formföstu ástundun marxisma sem var farið að gæta í sumum kreðsum og með þá tilhneigingu til valdboðs sem gat einkennt vinstrihreyfinguna. Einnig kemur hér fram að Herzog finnst veruleiki verkalýðsins varla sýnilegur í samtímanum og að jafnvel vinstri-sinnaðir aðgerðasinnar væru blindir á hann. Vettvangsfrásögn hennar, sem bókinn *Von der Hand in den Mund. Frauen im Akkord* (Úr höndinni í munninn. Konur í akkorði) geymir og umfjöllun mín hverfist um, var afrakstur þess tíma sem höfundur varði í verksmiðjunni og þarfar hennar fyrir að skrásetja veruleika verkalýðsins, sem – ólíkt tilviki Kisch – var hluti af daglegu lífi hennar og hún deildi með verkakonum af ólíkum toga. Á þessum tíma hrósaði Sally Alexander, sem var sósíalískur og femínískur sagnfræðingur, Herzog fyrir að „fylla upp í eyðu í þekkingu okkar á kapítalískri framleiðslu“.³⁵

Um þessar mundir var ekki fáheyrð að fólk sneri baki við samtökum vinstri-manna, eins og Herzog gerði. Til að mynda finnum við hliðstætt dæmi í áhrifamikilli sjálf sögu Karin Struck, *Klassenliebe* (Stéttaást, 1973), þar sem sögumaður

³⁴ Marianne Herzog, *From Hand to Mouth. Women and Piecework*, þýðandi Stanley Mitchell, Harmondsworth: Penguin Books, 1980, bls. 153–154. Á frummálinu *Von der Hand in den Mund. Frauen im Akkord*, Berlín: Rotbuch Verlag, 1976.

³⁵ Sally Alexander, „Introduction“, Herzog, *From Hand to Mouth*, bls. 7–34, hér bls. 8.

setur fram svipaða en þó harðari gagnrýni á vinstrið og ekki síst á Werkkreis Literatur der Arbeitswelt. Einkum átelur hún Werkkreis fyrir að geta ekki skilið veruleika verkalýðsins þar eð hópurinn væri fastur í staðalmyndum og rómantískum hugmyndum um hvernig verkamenn væru eða ættu að vera. Sér í lagi var Werkkreis, að dómi Struck, ómeðvitaður um mikilvægi einstaklingsvitundar og hversdagslífsins á einkasviðinu og skeytti engu um vægi umönnunarstarfa hjá konum af verkalýðsstétt. Gagnrýni Struck byggðist á meginkennisetningu annarrar bylgu femínisma um að einkalífíð væri pólitískt og að því væri hæpið að stjórnmal ættu aðeins að beinast að almannavettvangi og gagnvettvangi.³⁶ Með því að skrasetja líf verkakvenna bæði í verksmiðjunni og á heimilinu var Herzog að róa á svipuð mið.

Von der Hand in den Mund var gefin út af Rotbuch Verlag (Rauðbókaútgáfunni) en þar áttu tvær af hinum þremur bókum Herzog eftir að koma út.³⁷ Þetta útgáfusamhengi skiptir nokkru máli þegar leitast er við að rekja eftirlíf alþjóðasinnaðra heimsbókmennta. Á sjöunda og áttunda áratugnum var Rotbuch hluti af bókmenntalegum gagnvettvangi vinstri vængsins, sem áður var lýst, og að sögn Uwe Sonnenberg „einn mikilvægasti útgefandi róttæka vinstrisins“ eftir uppreisnir stúdentahreyfingarinnar.³⁸ Það var til dæmis Rotbuch sem gaf út met-sölubók Peters Schneider *Lenz* (1973) og verk Aras Ören, atkvæðamikils tyrknesks-þýsks höfundar, og lagði sig sérstaklega fram um að styðja við útgáfu heimildabókmennta.³⁹ Á fyrstu fimm starfsárum sínum lét Rotbuch prenta nær eina milljón bóka og álíka mikið af tímaritum.⁴⁰ Stofnun Rotbuch var jafnvel nátengd alþjóðahyggju stúdentahreyfingarinnar. Áður en Rotbuch varð að sjálfstæðri bókaútgáfu árið 1973, sem klofningur úr forlaginu Wagenbach, hafði það verið ritröð sem spratt af samstarfi við samtök sem mótmæltu stríðsrekstri í Vietnam, *Internationales Nachrichten- und Forschungsinstitut* (Alþjóðlega fréttá- og rannsókná-

³⁶ Um Struck og Werkkreis Literatur der Arbeitswelt, sjá Christoph Schaub, „An Auto-fictional Intervention into Working-Class Literature. Karin Struck’s *Klassenliebe* and the *Werkkreis Literatur der Arbeitswelt*“, *The Political Uses of Literature. Global Perspectives and Theoretical Approaches, 1920–2020*, ritstjórar Benjamin Kohlmann og Ivana Perica, London: Bloomsbury, 2024, bls. 181–198.

³⁷ Hinar tvær bækur hennar sem Rotbuch gaf út eru sjálfssævisagan *Unter uns war Krieg* (Milli okkar geisaði styrjöld, 1978) eftir júgóslavnesku farandverkakonuna Veru Kamenko, sem Herzog hjálpaði til við að semja og bættu textum við, og *Nicht den Hunger verlieren* (Að glata ekki hungri, 1980) sem fjallar um fangelsisvist Herzog. Þriðja bókin heitir *Suche* (Leit) og kom út töluvert síðar hjá Luchterhand Literaturverlag, árið 1988.

³⁸ Uwe Sonnenberg, *Von Marx zum Maulwurf*, bls. 67.

³⁹ Sjá sömu heimild, bls. 322–323.

⁴⁰ Sjá sömu heimild, bls. 324.

stofnunin) í Vestur-Berlín, sem hinn frægi vinstrisinnaði ítalski bókaútgefandi Giangiacomo Feltrinelli fjármagnaði að miklu leyti.⁴¹ Í samræmi við skýringar efnishyggjunnar – og ekki ólíkt heimildasöfnun Kisch um gagnvettvang bókmenntanna sem forsendu eigin skrifna – byrjar Herzog bók sína á því að benda á „framleiðsluskilyrði“ heimildaverks síns og tekur fram að fyrirframgreiðsla frá Rotbuch hafi gert henni kleift að sinna bókarskrifunum, enda þótt það hafi ekki tryggt henni örugga lífsafkomu.⁴² Þannig virðist það einmitt hafa verið þessi gerð af gagnvettvangi og bókmennta-pólítískar forskriftir hans (fagurfræði heimildarita, jaðarhópar) sem gerðu mögulega eða auðvelduðu til mikilla muna þá tegund skrifna um verkalýðinn sem Herzog fékkst við. Við þetta má bæta að *Von der Hand in den Mund* var þýdd á dönsku (1977), hollensku (1977), ensku (1980) og ítölsku (1980), og komst í dreifingu á (bókmenntalegum) gagnvettvangi vinstri vængsins þegar vinstrisinnað forlög, á borð við Feltrinelli í Ítalíu og Tiderne Skifter í Danmörku, gáfu hana út.

Herzog setur heimildatexta sinn í samhengi við bókmenntaframleiðslu verkalýðshreyfingarinnar á fyrsta þriðjungi tuttugustu aldar. Það gerir hún með textatengslunum sem ramma bókina inn, en tveir tengdatextar fylgja formálanum. Sá fyrri er lagið „Bread and Roses“, í útgáfu James Oppenheim og Mörthu Coleman. Hann birtist til dæmis árið 1915 í sýnisbók um „bókmenntir þjóðfélagslegra mótmælahreyfinga“ sem Upton Sinclair ritstýrði.⁴³ Þar koma fyrir kröfur kvenna „sem voru margar hverjar frá Ítalíu“ og lögðu niður vinnu árið 1912 „í textílverksmiðjum í Lawrence í Massachusetts“.⁴⁴ Í laginu kemur skýrt fram að barátta verkakvenna hafi þýðingu fyrir allt mannkyn: „Uppreist kvenna felur í sér uppreist mannkynsins.“⁴⁵ Í þessum texta er byltingarverkamaðurinn með öðrum orðum kvengerður, en það er í andstöðu við þá hefð að binda byltingarmanninn við karlkynið. Þessu til viðbótar vísar titill lagsins til annarrar bylgu fémínismans í Vestur-Þýskalandi þar eð einn fyrsti og þekktari hópur hennar kallaðist *Brot und Rosen* (Brauð og rósir) og Herzog var þar viðloðandi um hríð.⁴⁶ Seinni tengdatextinn er útdráttur úr bókinni *Mein Arbeitstag – Mein Wochenende* (Vinnudagur minn – helgin mín) sem stéttarfélag þýskra textílverkamanna gaf

⁴¹ Sjá sama heimild, bls. 66–67.

⁴² Sjá Marianne Herzog, *Von der Hand in den Mund*, bls. 6.

⁴³ Sjá Upton Sinclair (ritstjóri), *The Cry for Justice. An Anthology of the Literature of Social Protest*, Philadelphia: The John C. Winston Company, 1915.

⁴⁴ Marianne Herzog, *From Hand to Mouth*, bls. 38.

⁴⁵ Vitnað eftir sömu heimild, bls. 39.

⁴⁶ Sjá Helga Kraft, „De/Kolonisierung des Subjektes“, bls. 158.

út 1930 og hefur að geyma 150 stutta vitnisburði eftir textílverkakonu.⁴⁷ Í bókinni skrásetja verkakonurnar – í forni bókmenntalegrar sjálfstjáningar – líf sitt í verksmiðjunum og innan heimilisins. Í eftirmála eru þessir vitnisburðir sagðir vera til merkis um þörfina til að bæta stöðu verkakvenna þar eð hún einkennist af tvöföldu arðráni, bæði í verksmiðjunni og á heimilinu. Þar er þess einnig krafist að þær fái aukin áhrif innan verkalýðshreyfingarinnar.⁴⁸

Vert er að staldra við nokkur atriði. Í fyrsta lagi á Herzog þátt í að grafa upp og dreifa textum frá mótunarárum alþjóðasinnaðra heimsbókmennta. Það gerir hún með því að fella þá inn í eigin texta og beitir þannig svipaðri aðferð og Kisch við að skrásetja bókmenntalega tjáningu á jaðri samfélagsins. En andstætt öreigunum sem við rekumst á í vettvangsfrásögnum þess síðarnefnda er sá verkalýður sem bregður fyrir í þessum tengdatextum bundnari hinu hefðbundna verksmiðjurými, nokkuð sem Herzog heldur sig við í frásögnum sínum af málm-iðnaðinum í Vestur-Þýskalandi. Ólíkt vettvangsfrásögnum Kisch er hlut kvenna af verkalýðsstétt og gerendahæfni þeirra hampað í þessum tengdatextum, um leið og þeir vekja athygli á hlutskipti farandverkafólks. Enn fremur er í tengdatextanum úr *Mein Arbeitstag – Mein Wochenende* lýst hversu miklum heimilissörfum verkakonu þurfi að sinna til viðbótar við launavinnunna í verksmiðjunni. Með því að beita textatengslum á þennan hátt, og tengja áttunda áratuginn við annan áratuginn og millistríðsárin, kemur Herzog konum fyrir á áberandi stað innan hinnar alþjóðlegu verkalýðsstéttar.

Von der Hand in den Mund nær nokkurn veginn yfir árabilið 1970–1976 eða þann tíma þegar Herzog vann ákvæðisvinnu. Frá sjónarhóli sósíalískra fémínista skrásetur textinn sérstaka stöðu kvenna innan þess sem Sally Alexander kallar, í inngangi sínum að enskri þýðingu bókarinnar, „kynbundna verkaskiptingu“⁴⁹ og setur konur í lægri stöðu en karla og tvöfaldar arðrán þeirra, það er bæði í launavinnu og æxlunar- eða umönnunarvinnu. Í vettvangsfrásögnum sínum skrásetur Herzog hvernig konur þurfi að sinna ótryggum og krefjandi láglaunastörfum þar eð þær myndi „varalið ákvæðisvinnunnar“⁵⁰ og séu sem hópur verr settar en fag-lærðir verkamenn með aðild í stéttarfélögum sem eru í flestum tilvikum karlar. Þó gerir Herzog einnig ýmiss konar greinarmun á vinnuafli kvenna þegar hún sýnir fram á með hve ólíkum hætti konur þurfi að sinna umönnunarstörfum og

⁴⁷ Sjá Deutscher Textilarbeiterverband / Hauptvorstand / Arbeiterinnensekretariat (ritstjóri), *Mein Arbeitstag – Mein Wochenende. 150 Berichte von Textilarbeiterinnen*, Berlín: Verlag Textilpraxis, 1930.

⁴⁸ Sjá sömu heimild, bls. 217–227.

⁴⁹ Sally Alexander, „Introduction“, bls. 15.

⁵⁰ Marianne Herzog, *From Hand to Mouth*, bls. 44.

bendir á hvernig það fari eftir aldri, fjölskyldustöðu eða fjölda barna.⁵¹ Það tvíþætta sjónarhorn sem Herzog beinir að því sem Oskar Negt og Alexander Kluge hafa nefnt „tvö mikilvægustu svið [öreiga]lífsins: iðnaðarstjórntekið í heild sinni og félagsmótun innan fjölskyldunnar“⁵² liggur allri bókinni til grundvallar. Sú er ekki aðeins raunin vegna þess að í *Von der Hand in den Mund* færast frásögnin sífellt á milli rýma verksmiðjunnar og heimilisins, heldur einnig vegna þess að tvíþætt athyglin skilar sér í tvenns konar bókarlokum: Næstsíðasti kaflinn heitir „Faúma eftir verksmiðjuvinnuna“ og þar fylgir Herzog samstarfskonu sinni heim til hennar og hittir fjölskylduna. Í síðasta kaflanum, „Konur í akkorði“, klippir Herzog saman texta úr sögu og samtíð eftir konur sem ræða um ákvæðisvinnu sína. Með þessum tvöfalda endi grefur hún undan stjórnmalalegri aðgreiningu í einkalíf og opinberan vettvang, þar sem stjórnmal tilheyrir einungis því fyrrnefnda, og kannar hvaða pólitísku afleiðingar það hefur að móta og aðgreina einkasviðið frá því opinbera.

Sá margbreytileiki sem einkennir konur af verkalýðsstétt og Herzog gerir að umfjöllunarefni stafar síður af ólíkri menningarbundinni sjálfsmynd en ólíkri stöðu innan sviðs efnahagslegrar framleiðslu og viðhalds þjóðfélagsins. Margbreytileikinn á sér einnig aðra skýringu sem Herzog dregur fram, en þar bendir hún á hvernig hin nýja þverþjóðlega verkalýðsstétt hafi orðið til í Vestur-Þýskalandi með ríkisstýrðri hagnýtingu á misvægi innan heimskerfis kapítalismans, sem fólst í því að beina farandverkafólki í ákveðna farvegi milli miðstöðvanna og hálfgerðra jaðarsvæða. Í Vestur-Þýskalandi tók þetta á sig mynd áætluar sem kennd var við „Gastarbeiter“ (erlenda verkamenn). Þegar svonefnt efnahagsundur varð í Vestur-Þýskalandi snemma á sjötta áratugnum tók að skorta vinnuafli og Sambandslýðveldið gerði ráðningarsamninga við fjölda ríkja í Suður-Evrópu og Norður-Afríku. Samkvæmt þeim áttu verkamenn að dvelja í Þýskalandi í umsaminn tíma: Fyrsta samkomulagið var gert við Ítalíu 1955 og í kjölfarið fylgdu samningar við Grikkland, Spán, Tyrkland, Marokkó, Portúgal, Túnis og loks Júgóslavíu 1968. Eins og nefnt er í *Von der Hand in den Mund* skall olíukreppa á heimshagkerfinu árið 1973, sem olli því að hætt var við frekari vinnuráðningar af þessum toga.⁵³ Það er eftirtektarvert hversu oft vettvangsfrásögn Herzog minnst á þessa svonefndu *Gastarbeiter* í röðum verkakvanna í Vestur-Þýskalandi. Með

⁵¹ Sjá til dæmis sömu heimild, bls. 48–53.

⁵² Oskar Negt og Alexander Kluge, *Public Sphere and Experience. Toward an Analysis of the Bourgeois and Proletarian Public Sphere*, þýðendur Peter Labanyi, Jamie Owen Daniel og Assenka Oksiloff, Minneapolis og London: University of Minnesota Press, 1993, bls. xlvii.

⁵³ Um þetta sögulega samhengi sjá Thorben Päthe, *Vom Gastarbeiter zum Kanaken. Zur Frage der Identität in der deutschen Gegenwartsliteratur*, München: IUDICUM Verlag, 2013, bls. 22–37.

samræðum og athugunum rekur hún áskoranirnar sem mæta þeim, hvort heldur það er að skilja börn sín eftir í heimalandinu, finna fyrir sérstöku álagi vegna þrýstings og eftirlits á vinnustaðnum eða að búa í afleitu húsnaði og við hrikaleg skilyrði.⁵⁴ Í *Von der Hand in den Mund* er sjónum beint að því hvernig þessar konur eiga á hættu að verða fyrir enn meira arðráni en ófaglærðar þýskar samstarfskonur þeirra. Hafi Kisch horft út á við og ferðast út fyrir þýskumælandi Þjóðríki til þess að smíða hnattræna landfræði verkalýðsstéttarinnar, þá finnur Herzog hina þverþjóðlegu verkalýðsstétt heima fyrir með því að gefa því gaum hvernig vinnutengdir fólksflutningar móta samsetningu verkalýðsins í Vestur-Þýskalandi.

Gagnstætt Kisch setur Herzog ekki fram kenningu um vettvangsfrásagnir eða um heimildaverk í víðari skilningi. Þó lítur hún á frásagnir sínar af þeim toga sem inngríp í þjóðfélagið með bókmenntalegum aðferðum. Þar með tekur hún upp þráðinn frá þeirri gagnrýnu hefð vettvangsrannsókna sem Kisch gerði að þungamiðju í sögu bókmenntageinarinnar. Enn fremur leggur Herzog áherslu á hversu mikilvægt sé að lýsa vinnuaðstæðum á krepputímum og fyrir konum:

Ef við eigum að berjast gegn þess háttar vinnu [...] verðum við einnig að lýsa henni. Það ríður á að gera það núna, þegar þessi skilyrði felast meðal annars í fjöldauppsögnum á verkakönum. Í hvert sinn sem kreppa skellur á eru það konur í ákvæðisvinnu sem er fyrst hent út á götu.⁵⁵

Til þess að skrásetja vinnuskilyrði „kvenna í akkordsvinnu“ fléttar Herzog stuttar frásagnir af eigin reynslu saman við stuttar ævisögur og vitnisburði annarra verkamanna, tölfræði og talnagögn, brot úr öðrum textum og miðlum og loks nákvæmar lýsingar á einum vinnustað sem megi yfirfæra á aðra. Ef til vill minnir bók hennar helst á klippitækni og samskeytingu mismunandi texta en hún hefur einnig að geyma klippimyndir sem skeyta saman ljósmyndum af konum við vinnu í verksmiðjum og atvinnuauglýsingar úr sögu og samtíð. Sú aðferð að flétta saman fagurfræði heimildarita og klippitækni til þess að draga upp mynd af verkalýðnum á sér fyrirmynd í svipuðum fagurfræðilegum aðferðum innan alþjóðasinnaðra heimsbókmennta.⁵⁶ Í *Von der Hand in den Mund* beitir Herzog þessari formrænu aðferð til þess að skapa margradða texta sem færast stöðugt á milli einstaklingsbundinnar og sameiginlegrar reynslu kvenna sem vinna í verksmiðju

⁵⁴ Sjá til að mynda Marianne Herzog, *From Hand to Mouth*, bls. 44, 85, 103, 116–120, 142–145.

⁵⁵ Marianne Herzog, *From Hand to Mouth*, bls. 37.

⁵⁶ Sjá til dæmis Christoph Schaub, „Modernistischer Realismus der Arbeiterbewegungsliteratur“, *Realisms of the Avant-Garde*, ritsjórar Moritz Baßler, Benedikt Hjartarson, Ursula Frohne, David Ayers og Sascha Bru, Berlín og Boston: De Gruyter 2020, bls. 473–486.

og á heimilinu, um leið og hún staðsetur reynslu og skilyrði þeirra með hliðsjón af lengri sögu þeirra. Líkt og í tilviki Kisch er forsenda slíks bókmenntatexta ekki aðeins skrásetningarhefð heldur enn frekar samræðu- og samstöðuhefð sem á rót sína að rekja til áður nefndrar þarfar Herzog fyrir „að tala í ró og næði við konurnar við hliðina á [s]ér“.⁵⁷

Ef gengið er út frá *Von der Hand in den Mund* eftir Marianne Herzog og útgáfusamhengi bókarinnar sem dæmi má segja að framhaldslíf alþjóðasinn- aðra heimsbókmennta eigi sér ýmsar birtingarmyndir á áttunda áratugnum í Vestur-Þýskalandi: enduruppötun og -dreifing texta frá millistríðsárunum; endurvakning gagnmenningar og hópskipulags innan bókmenntavettvangsins; þverþjóðleg verkalýðsstétt sem viðfangsefni, en að vísu í breyttri mynd vegna áhrifa nýrra stjórnmalahreyfinga á borð við annarrar bylgu femínisma og nýrra forma vinnutengdra fólksflutninga; og loks keimlík fagurfræði, einkum heimildaskrif. Ef *Von der Hand in den Mund* er skoðuð með hliðsjón af vettvangsfrásögnum Kisch vísar verkið til gamallar hefðar þess að sýna verkalýðinn sem sundurleitan þjóðfélagshóp án nokkurrar boðunar um hvernig hann eigi að vera. Um leið leiðir samanburðurinn á þessum tveimur höfundum í ljós þá annmarka sem voru gjarnan á alþjóðasinnuðum heimsbókmenntum ef horft er til kynjamisréttis og þess hvernig gerendahæfni í byltingarefnum var gjarnan bundnin við öreiga af karlkyni. Einnig virðist vera reginmunur á stjórnmalastiginu, ekki aðeins með tilliti til beinna krafna eða viðhorfa aðgerðasinna, heldur einnig í ljósi þess hvaða myndir hið pólitíska starf og skipulag tók á sig. Hafi alþjóðasinnadur heimsbókmenntir millistríðsáranna komið fram og þróast í tengslum við fjöldaflokka á hinu pólitíska sviði, sósíalísk ríki og (alþjóðlegar) menningarstofnanir þeirra, þá gegndu slík tengsl við umfangsmikil stjórnmalasamtök engu hlutverki í *Von der Hand in den Mund*. Þetta má aftur rekja til áhrifa sjálfstæðrar kvennahreyfingar á þeim tíma þegar aðgerðasinnar og hugsuðir innan hennar guldu varhug við samtökum sem einkendust af svo miklu stigveldi og leituðu þess í stað að nýrri tegundum af inngildandi sjálfstjórn og stjórnmalapátttöku.⁵⁸ Í tveimur stuttum köflum bókarinnar sem fjalla um verkföll og vinnudeilur, sem og í lýsingum á sjálfsprottnum mótmælum gegn hækkuðu vinnuframlagi í öðrum kafla,⁵⁹ stjórnast konurnar sem Herzog lýsir sjaldnast af stjórnmalalegum gildum. Þess í stað spretta hverdagslegar athafnir þeirra og gagnkvæmur stuðningur og vinátta af sameiginlegum vinnu- og lífsaðstæðum. Í skrifum Herzog er hvergi að finna

⁵⁷ Marianne Herzog, *From Hand to Mouth*, bls. 154.

⁵⁸ Sjá Ute Gerhard, *Frauenbewegung und Feminismus. Eine Geschichte seit 1789*, München: C.H. Beck, 2009), bls. 110, 116–118.

⁵⁹ Sjá Marianne Herzog, *From Hand to Mouth*, bls. 116, 136–141.

heimsbyltingu öreiganna sem sameiginlegt sögulegt markmið sem hafði verið drifkraftur hinna alþjóðasinnuðu bókmennta. Í þessum skilningi gefur myndlíkingin um eftirlíf alþjóðasinnaðra heimsbókmennta til kynna að verk Herzog tilheyri – ekki aðeins í ljósi sögunnar heldur einnig hugmyndalega og hugmyndafræðilega – bókmenntum tímabils þegar sú hugmynd um byltinguna sem kommúnistahreyfingin hafði boðað á millistríðsárunum var liðin undir lok.

Egill Arnarson þýddi

ÚTDRÁTTUR

Greinin byggist á lestri og samanburði á vettvangsfrásögnum Egons Erwins Kisch og Marianne Herzog, annars vegar vel þekkt höfundar og hins vegar höfundar sem er að mestu leyti gleymdur. Markmiðið er að kanna sögulega samfellu og rof frá millistríðsárunum, þegar alþjóðasinnaðar heimsbókmenntir tóku á sig mynd, og fram á áttunda áratuginn, þegar höfundar í Vestur-Þýskalandi tóku að byggja á þeirri hefð. Greinin leiðir rök að því að slíka samfellu og rof megi greina með því að beina sjónum að þremur atriðum: 1) vettvangsfrásögninni; 2) þverþjóðlegri verkalýðsstétt; 3) gagnmenningu sem vettvangi útgáfu og dreifingar og viðfangsefni bókmenntaverka. Annar þáttur snýr að þeirri gagnrýni að sjónarhorn kommúnísku verkalýðshreyfingarinnar á öreigana sem byltingarsinnaðan hluta verkalýðsins hafi byggst á einsleitri og staðlaðri skilgreiningu á byltingarsinnanum. Gagnrýnin er í mörgum tilvikum réttmæt en skrif kommúnistans Kisch og sósíalíska femínistans Herzog eru dæmi um hefð vinstri-sinnaðra bókmennta sem bregða upp myndum af fjölbreyttri og margslunginni verkalýðsstétt. Loks gefur samanburður á skrifum Herzog og Kisch færi á nákvæmari greiningu á hlutverki kyngervis. Þegar vettvangsfrásögn Herzog *Von der Hand in den Mund (Úr höndinni í munninn, 1976)* er lesin sem dæmi um framhaldslíf alþjóðasinnaðra heimsbókmennta má líta á hana sem gagnrýna samræðu við þessa eldri hefð. Finna má fjölmörg dæmi um kommúnísk bókmenntaverk frá millistríðsárunum sem byggðu lýsingar sínar á verkamanninum og byltingarsinnanum á viðteknum karlmennsku myndum, þótt vitaskuld eigi það ekki við um alla texta hreyfingarinnar. Með því að beina sjónum alfarið að verkakönnum í verksmiðjunni og innan heimilisins, með því að skrásetja áhyggjur þeirra, samstöðu og andóf opnar Herzog sósíalískt og femínískt sjónarhorn á verkalýðsstéttina sem tilheyrir hennar eigin tíma og sögulegu samhengi. Með því að leggja áherslu á þetta atriði afhjúpar greinin um leið mikilvæga blindu í vettvangsfrásögnum Kisch.

Lýkilord: verkalýðsbókmenntir, heimildabókmenntir, femínismi, verkalýðshreyfing, Egon Erwin Kisch.

A B S T R A C T

**Internationalist World Literature and its Afterlife in 1970s West Germany:
Reportage, Counter-Publics, and the Transnational Working Class**

The article juxtaposes reportages by Egon Erwin Kisch (1885–1948) and Marianne Herzog (*1939), a canonical and a mostly forgotten author. It does so in order to explore continuities and discontinuities between the interwar years when internationalist world literature emerged and the 1970s when writers in West Germany built again on this tradition. It argues, first, that one can fruitfully think about these dis/continuities by looking at (i) the reportage, (ii) the transnational working class, and (iii) counter-publics as contexts of the production and circulation of texts and as a topic in literature. The second strand of the article's argument starts from the observation that it has been criticized that the communist labor movement's vision of the proletariat as the revolutionary part of the working class depended on homogenizing and normative definitions of what it meant to be revolutionary. While this is often true, the writings of Kisch, a communist, and of Herzog, a socialist-feminist, exemplify a tradition of literary writing on the left that represents a diverse and multifaced working-class. Finally, juxtaposing Herzog and Kisch allows to develop this part of the argument with respect to gender. Understood as an example of the afterlife of internationalist world literature, Herzog's reportage *Von der Hand in den Mund: Frauen im Akkord* (1976; *From Hand to Mouth: Women and Piecework*) can be read as a critical engagement with the earlier tradition on which her writing built. While not true for all of the movement's texts, numerous examples of the communist literature of the interwar years based their representation of the worker and the revolutionary on normative ideas of masculinity. By focusing exclusively on working-class women in the factory and at home, by tracing their worries, solidarities, and acts of resistance, Herzog's reportage offers a socialist-feminist view of the working class in her own time and in history. By emphasizing this aspect, the article also highlights a relative blind spot in Kisch's reportages.

Keywords: working-class literature; documentary literature; feminism; labour movement; Egon Erwin Kisch

CHRISTOPH SCHAUB

Nýdكتور í þýskum bókmenntum og menningarfræði við háskólann í Vechta
christoph.schaub@uni-vechta.de

